



Reykjavík, 8. janúar 2026
MSS26010070

Borgarráð

Umsögn vegna tímabundins áfengisveitingaleyfis í tilefni útsendingar úrslita NFL Super Bowl, 9. febrúar 2026, Just Wingin It, Snorrabraut 56.

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 7. janúar 2026 um tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 04.30, aðfaranótt mánudagsins 9. febrúar nk. vegna veitingastaðarins Just Wingin It, Snorrabraut 56 vegna beinnar sjónvarpsútsendingar á úrslitum NFL Super Bowl í Bandaríkjunum.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 17. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01:00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda takmarkaðar heimildir og má lengst leyfa afgreiðslutíma áfengis til kl. 01:00, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 04.30 aðfaranótt mánudags. Í 4. mgr. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki að veita jákvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi með vísan til 2. mgr. 17. gr. l. nr. 85/2007, til kl. 04.30 til Just Wingin It aðfaranótt mánudagsins 9. febrúar nk. Jákvæð umsögn borgarráðs er háð því að aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Eiríkur Búi Halldórsson
skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík